

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Vigfús Hróbjartsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 31. janúar 2024
UST202401-336/A.B.
10.05.00

Efni: Umsögn - Framkvæmdarleyfi - Skógrækt í landi Minna-Mosfells

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes - og Grafningshrepps er barst 24. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ósk um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Minna - Mosfells

Í greinargerð kemur fram meginmarkmið með skógræktinni er að binda kolefni á 91,7 ha landi. Helstu trjátegundir sem nota á í ræktunina er stafafura, alaskaösp og ilmbjörk.

Í greinargerð er fjallað um helstu jákvæðu áhrif verkefnisins, en eftirfarandi umhverfisþætti er mikilvægt að skoða nánar að mati stofnunarinnar: vistgerðir, líffjölbreytni, kolefnisbinding, fuglalíf, ásynd og vatnsgæði.

Einnig mætti fjalla nánar um vegagerð, göngustíga og áningarstaði (útivist/heilsuefling/fræðsla), áburðargjöf, girðingar, skurði/áveitu og önnur mannvirki sem tengjast framkvæmdinni ef við á.

Umhverfisstofnun vill benda á ágætis bækling sem hægt er að hafa til hliðsjónar sem nefnist Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaganna.¹

Mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögin háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Í aðalskiplagi sveitarfélagsins segir nýræktun skóga á 200 ha svæði og stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskyld vegna umhverfismats.

Stór hluti svæðisins samkvæmt vistgerðarkorti og greiningu sem sýnd er í töflu eru vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt Bernarsamningnum.

¹ https://www.skogur.is/static/files/2023/skograekt-i-skipulagsaaetlunum-sveitarfelaga_prent.pdf

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir lið 1.04 í viðauka 1. laga nr. 111/2021.

Aðalskipulag Grímsnes - og Grafningshrepps

Umhverfisstofnun bendir á að í aðalskipulagi sveitarfélagsins segir að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreint og mikilvægi landgræðslu, endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika, en mikilvægt er að valin séu svæði til skógræktar sem raska ekki vistgerðum með hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt Bernarsamningnum. Auk þess telur stofnunin æskilegt að svona stór skipulagssvæði séu skilgreind í aðalskipulagi sem skógræktarsvæði.

Afmörkun svæðisins

Í greinargerð segir að jákvæð áhrif vegna ræktunarinnar er uppgræðsla rofins lands og jarðvegsvernd og aukin líffræðileg framleiðni á rýru landi.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdarsvæðið sem hér um ræðir er frekar gróðursælt með þykka jarðvegshulu, en í nágrenni svæðisins eru svæði sem eru rýr og hætta er á rofi.

Auk þess telur stofnunin að það ætti að setja fram rök afhverju svæði sem á ekki að planta í sé skilgreint sem ræktunarsvæði.

Trjátegundir

Í greinargerð segir að áætlað er að setja stafafuru í allt landið. Umhverfisstofnun beindir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif notkunar á stafafuru. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsóknir á útbreiðslu stafafuru í Steinadal í Suðursveit sýna niðurstöður að stafafura getur dreift sér hratt og á skilvirkan hátt um stór svæði í kringum skógræktarsvæði og að með tímanum dregur stafafura verulega úr líffræðilegum fjölbreytileika æðplantna.

Auk þess segir að staffura er ein vinsælasta trjátegundin sem notuð er í skógrækt á Íslandi, en þrátt fyrir það liggja nánast engar rannsóknir fyrir um áhrif hennar á umhverfið og dreifingamöguleika/-getu. Árið 2010 vann Hanna Björg Guðmundsdóttir B.Sc. verkefni í Steinadal þar sem hún mat útbreiðslu stafafuru. Niðurstöður hennar sýndu stóru aukna mikla útbreiðslu sjálfsáinna stafafuruplantna auk þess sem þær gáfu vísbendingar um neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni svæðisins.²

Hins vegar segir á heimasíðu Skógræktarinnar að nokkuð er talað um ógnir af sjálfsáningu stafafuru á Íslandi. Rannsóknir eru gerðar á dreifingu hennar og eru nú orðnar fastur liður í reglulegum vísindalegum úttektum á skóglendi landsins. Stafafura fellur ekki undir skilgreiningu íslenskra laga á ágengum framandi tegundum og ekkert sem bendir til þess að útbreiðslan sé óviðráðanleg, né að furan ógni líffjölbreytni eða öðrum verðmætum.³

² <https://www.ni.is/is/frettir/2022/03/skyrsla-um-utbreidslu-stafafuru-i-steinadal>

³ <https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/stafafura>

Einnig segir á heimasíðu skógræktarinnar þar sem fjallað er um samlyndi birkis og stafafuru:....*“Í ljós kemur að sjálfsáning innfluttra trjátegunda er mjög lítil þótt vissulega geti stafafura numið ný lönd”*⁴

Því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að fjallað sé nánar um í greinargerð áhrif notkunar stafafuru við skógræktina.

Ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á að með skógrækt breytist ásýnd landsins og því mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarmínjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“*

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Vistgerðir og fuglar

Umhverfisstofnun bendir á að á skógræktarsvæðinu er að finna m.a. ríkulegt fuglalíf og vistgerðir með háu og mjög háu verndargildi eins og starungsmýravist, víðikjarrvist og grasengjavist samkvæmt Vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>). Auk þess bendir stofnunin á að svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að svæðum verði ekki raskað sem hafa vistgerðir með hátt verndargildi, sem eru mikilvæg fyrir mófugla og sem eru mikilvæg fuglum sem eru á valista og ber að vernda.

Umhverfisstofnun bendir á að líklega mun með skógræktinni búsvæði og vistkerfi breytast staðbundið og búsvæði breytast og má m.a. gera ráð fyrir að spörfuglar og fleiri dýr komi sér í auknum mæli fyrir í skógræktarreitunum þegar trén vaxa upp.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Ekki er gerð nægjanleg grein fyrir áhrifum fyrirliggjandi skógræktar á svæðið og hvort sé um að ræða svæði sem getur talist búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir að mati Umhverfisstofnunar.

⁴ <https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/birki-og-stafafura-i-satt-og-samlyndi>

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun telur að skógræktaráform geti haft neikvæð áhrif á gróðurfar og fuglalíf.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skoða þarf jaðaráhrif skógræktarinnar og á það við um jaðaráhrif á það lífríki sem byggir afkomu sína í skóginum og þess lífríkis sem nýtir flatlendi umhverfis skóginn.

Loflagsmál og kolefnisbinding

Í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum eru sett fram markmið um aukinna skógrækt til kolefnisbindingar og vernd og endurheimt votlendis.

Því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að það komi fram í greinargerð hversu mikil kolefnisbinding verður við tiltekna skógrækt. Þessa þætti þarf að skoða nánar í þessari framkvæmd þar sem stór hluti svæðisins eru votlendisvistgerðir sem eru rík og miðlungsrík af kolefni og því mikilvægt að áætla hversu mikið kolefni lostnar við rask á jarðvegi við framkvæmdina. Einnig er innan skipulagssvæðisins vistgerðir sem eru frekar rýr af kolefni eins og grasengjavist⁵

Gæði gagna

Umhverfisstofnun telur að búið er að vinna ágæta vinnu, en stofnunin bendir á mikilvægi þess að ofangreindir þættir séu skoðaðir nánar. Þegar um jafn mikla framkvæmd er að ræða eins og umrætt skógræktarverkefni verða að liggja fyrir góð gögn um framkvæmdasvæðið þannig að tryggt verði að verkefnið heppnist sem best.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

⁵ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/grasengjavist>